

Leiðbeiningar um stofnun nýs klúbbs innan Evrópusambands Soroptimista

TÍMAÁÆTLUN

1. Ef Soroptimisti innan landssambandsins hefur hug á að stofna nýjan klúbb þarf hún fyrst að kynna þá áætlun í eigin klúbbi.

Ef félagi í Soroptimistasambandi sér möguleika á stofnun nýs klúbbs innan landssambandsins – janfvel þó nýi klúbburinn sé í sömu borg eða á sama svæði og hennar eigin klúbbur - þarf hún fyrst að upplýsa formann eigin klúbbs.

2. Upplýsa þarf landssambandið

Formaður klúbbsins kemur þessum upplýsingum skriflega áfram til forseta landssambandsins og til formanns útbreiðslunefndar landssambandsins.

3. Staðfesting landssambandsins

Í sameiningu samþykkja landssambandsforseti og formaður útbreiðslunefndar áætlanir um að stofnaður verði nýr klúbbur.

4. Myndun kjarnahóps

Um leið og ofangreindum framgangsmáta er lokið getur félaginn, sem upphaflega fór af stað með málið, farið að hafa samband við konur, sem hún telur vera æskilega féлага, afhendir þeim gögn og upplýsir þær um markmið og lög **SI**. Hún má ekki skrá sem féлага í nýja klúbbin konur sem nú þegar eru skráðir félagar í hennar eigin klúbbi eða nágrannaklúbbi. Frá þessum tímapunkti mun hún venju samkvæmt starfa sem guðmóðir nýja klúbbsins. En hún getur einnig afhent stofnskrána, ef hún er nú þegar Soroptimisti og kemur frá öðrum klúbbi á öðru svæði..

5. Samhæfing frekari verkefna

Formaður útbreiðslunefndar eða staðgengill hennar mun nú taka við mismunandi verkefnum til þess að aðstoða við stofnun verðandi klúbbs. Hún mun starfa sem verkefnastjóri og tengiliður fyrir nýja féлага, fyrir guðmóðurina og hvern þann féлага sem kemur að ferli stofnunar nýja klúbbsins.

6. Samskipti milli landssambandsins og guðmóðurinnar

Útbreiðslunefndin setur fram hlutverk guðmóðurinnar í grófum dráttum og útskýrir hvernig hún getur stutt við ferlið við stofnun nýja klúbbsins.

7. Samskipti við kjarnahópinn

Guðmóðirin á að vera í nánú samstarfi við kjarnahópinn og starfa sem tengiliður milli klúbbsins og landssambandsins. Hún gæti reynt frekari stuðning með því að finna guðmóðurklúbb; þetta getur hvort heldur verið hennar eigin klúbbur eða annar í nágrennin

8. Val á undirbúningsstjórn

Þegar tekist hefur að ná saman 10 til 12 væntanlegum félögum, skal guðmóðirin stjórna vali á bráðabirgðastjórn, sem skipuð er formanni, einum eða tveimur varaformönnum, ritara og gjaldkera. Eftir það skal vísa til kjarnahópsins sem “Verðandi Soroptimistaklúbbur XXXX”. Kjarnahópurinn getur síðan ákveðið hvernig hann vill vinna innan klúbbsins og einnig út á við. Allar mikilvægar upplýsingar frá Landssambandinu skulu nú berast hinum verðandi soroptimistaklúbbi.

9. Nafn klúbbsins valið

Hinn verðandi soroptimistaklúbbur (sem telur alla verðandi félagi, ásamt undirbúningsstjórninni) ákveður nafn klúbbsins. Nafnið verður að fela í sér nafn bæjarins eða þess svæðis þar sem stofna skal klúbbinn. Nafnið skal tilkynna útbreiðslunefnd landsambandsins.

10. Framtíðarfélagar

Frá þessum tímapunkti bera félagar hins verðandi klúbbs aðalabyrgðina á vali hugsanlegra félagi, í samráði við aðra félagi hópsins.

Kona sem til greina kemur sem félagi verður að:

- vera í starfi (sem launþegi eða sjálfboðaliði).
vera nýlega komin á eftirlaun eða nýlega atvinnulaus, miðað við að hafa stuttu áður unnið launað starf eða sjálfboðastarf.
- vera um það bil að hefja starfsferil sinn.
- vera að minnsta kosti 21 árs gömul.

11. Lög og starfsreglur / reglugerðir

Formaður landsambands útbreiðslunefndar þarf nú að senda allar upplýsingar til verðandi klúbbfélaga. Venjan er að félagi í útbreiðslunefnd fari og heimsæki hópinn til þess að ræða þessi atriði persónulega (sjá næsta atriði).

12. Forsetum landsambandsins og formanni útbreiðslunefndar boðið

Í síðasta lagi á þessari stundu, oftast fyrir í stofnferlinu, ætti að bjóða forseta landsambandsins og formanni útbreiðslunefndar í heimsókn til hins nýja klúbbs. Þær tvær upplýsa kjarnahópin um grunnildi Soroptimista, útskýra lögin og svara spurningum um störf klúbbsins og skipulagningu á stofnfundi. Oftar en ekki eru þessar heimsóknir fleiri en ein og í raun ættu þær eða fulltrúi formanns útbreiðslunefndar að heimsækja hópinn reglulega á þessi stigi.

13. Finna þarf að minnsta kosti 22 verðandi félagi

Til þess að mega senda inn umsókn um að stofna nýjan klúbb þarf að minnsta kosti 18 verðandi félagi. Það er þó eindregið lagt til að senda ekki inn umsókn fyrir en hópinn telur að minnsta kosti 22 félagi á mismunandi aldurs skeiði og úr mismunandi starfsgreinum.

14. Skipulagning stofndagsins og staðsetning(ar)

Um leið og hópinn hefur endanlega ákveðið að óska eftir því að nýr klúbbur verði stofnaður getur skipulagning dagskrár stofnhátíðar hafist.

Forgangsaatriðin eru eftirfarandi:

- 1) að ákveða dagsetningu.
- 2) að gera tillögu um tvær aðrar mögulegar dagsetningar.
- 3) að ákveða staðsetningu fyrir sjálfa vígsluathöfnina og opinberu hátíðarhöldin
- 4) að tryggja að þeir staðir sem valdir hafa verið séu lausir hvað varðar allar þrjár dagsetningarnar. Stofnfundurinn verður að fara fram um helgi.

15. Frágangur og undirritun umsóknareyðublaðsins (Application for Admission)

Áður en Soroptimistaklúbbur er stofnaður, þarf að fullgera og senda þar til gert eyðublað til Evrópusambands Soroptimista. Þetta eyðublað þarf að berast Evrópusambandinu að minnsta

kosti fjórum mánuðum fyrir áætlaðar stofndagsetningar og innihalda lista yfir verðandi félagi í stafrófsröð með eftirfarandi upplýsingum um:

- Nafn
 - Heimilisfang
 - Fæðingardagur
 - Starfsheiti
 - Núverandi starf
 - Símanúmer, faxnúmer og netfang þar sem það er mögulegt
- (Áður en eyðublaðið er sent til Evrópusambandsins er hægt að spara mikinn tíma með því að senda það fyrst til formanns útbreiðslunefndar landssambandsins, sem athugar hvort upplýsingar eru rétt orðaðar og að allar kröfur Evrópusambandsins hafi verið uppfylltar).

16. Forseti landssambandsins og formaður útbreiðslunefndar undirrita umsóknareyðublaðið

Allar upplýsingar á umsóknareyðublaðinu verða að vera á öðru af tveimur formlegu tungumálum Alþjóðasambandsins (ensku eða frönsku). Leggja þarf fram fimm eintök; undirskriftir allra klúbbsmeðlima þurfa að vera á öllum eintökunum og á forsíðu skulu vera undirskriftir formanns nýja klúbbsins, forseta landssambandsins og formanns útbreiðslunefndar (undirritað ef mögulegt er í viðurvist guðmóður, forseta landssambandsins og/eða formanns útbreiðslunefndar eða hennar fulltrúa).

17. Formaður útbreiðslunefndar leggur umsóknareyðublaðið fram til Evrópusambandsins

Formaður útbreiðslunefndar landssambandsins skal nú senda öll fimm eintök umsóknareyðublaðanna til Evrópusambandsins og með þeim skal fylgja bréf, þar sem farið er fram á samþykki Evrópusambandsins.

18. Upplýsingum er komið til landssambandsins og á heimasíðu þess

Evrópusambandið þarf fyrst að samþykka umsóknina áður en hægt er að ræða frekari upplýsingar og útfærsluatriði er varða stofnfundinn og koma þeim í fréttarit og á heimasíðu landssambandsins. Frá þessari stundu ættu að liggja fyrir eins miklar upplýsingar og mögulegt er um dagskrá stofnfundarins fyrir þá sem hafa áhuga.

19. Breytingar á umsóknareyðublaði

Breytingar á umsókninni geta farið fram allt þar til tvær vikur eru til stofnfundarins það er ef fleiri nýir félagar hafa bæst við, og eins ef aðrir hafa hætt við. Þeir félagar sem bæst hafa við skulu skráðir sem stofnfélagar.

20. Beðið eftir samþykki Evrópusambandsins um stofnun nýja klúbbsins og dagsetningu stofnfundar

Forseti landsambandsins og formaður útbreiðslunefndar eiga að fylgja eftir samþykki Evrópusambandsins og upplýsa klúbbinn við fyrsta tækifæri um niðurstöður. Skriflegt samþykki frá Evrópusambandinu mun taka u.þ.b. þrjár til fjórar vikur, en gæti tekið skemmri tíma. Um leið og klúbburinn veit nafn þess sem ætlar að afhenda stofnskrána á verðandi formaður klúbbsins að setja sig í samband við hana og ákveða hvenær, með hvaða hætti og á hvaða tíma hún kemur til landsins og sjá henni fyrir öllum nauðsynlegum upplýsingum. Ferðakostnaður hennar er greiddur af Evrópusambandinu. Allur annar kostnaður (hótel, fæði, kostnaður við stofnfundinn o.s.frv.) er greiddur af viðkomandi klúbbi eða landssambandi.

21. Skipulagning stofnfundar / vísluhátiðar

Á meðan klúbburinn er að bíða eftir samþykki Evrópusambandsins er mælt með að gerð verði fyrstu drög að dagskrá stofnfundarins og hátiðarinnar.

Staðlaða dagskráin getur verið á eftirfarandi hátt:

- Föstudagskvöld: óformleg samvera
- Laugardagsmorgunn: útsýnisferð,
- Stofnskrárfundur (aðeins fyrir stofnfélaga)
- Laugardagskvöld: hátiðarathöfn með formlegri kynningu á nýja klúbbum.
- Hátiðarkvöldverður með gestum og ræðuhöldum.
- Sunnudagsmorgunn: óformleg lok hátiðarhalda sem mögulega endar með útsýnisferð.

Minniháttar breytingar á dagskránni eru auðvitað mögulegar.

22. Samþykki Evrópusambandsins og dagsetning stofnfundar

Um leið og Evrópusambandið hefur opinberlega samþykkt umsóknareyðublaðið og dagsetningu stofnfundarins, er hægt að fínþússa dagskrá stofnhátiðarinnar (staðsetning, heiðursgestir, fyrirlesarar, áætlaður kostnaður (sem felur í sér *stofnskráratíði*, styrktaraðila o.s.frv.)). Endanleg dagsetning stofnfundarins ætti að birtast í fréttariti og á heimasíðu landssambandsins.

23. Prentun dagskrár og sending boðskorta til klúbba hér heima og erlendis.

Í boðskortinu/bréfinu verður að koma fram:

- Markmið Alþjóðasambands Soroptimista
- Tími, dagsetning og staðsetning hátiðarfundarins og dagskrá yfir þá skipulögðu viðburði sem í boði verða.
- Nafn þess soroptimista sem afhendir stofnskrána og hvaðan hún kemur.
- Netfang þess sem heldur utan um skráningu.
- Kostnaður v/þátttöku.
- Upplýsingar um hótulgistingu.
- Síðasti skráningardagur.
- Upplýsingar um ferðatilhögun.
- Listi yfir nöfn stofnfélaga ásamt starfsheiti.
- Skráningarkort.
- Kort um frátekið hótél.

Boðið verður að berast klúbbum landssambandsins og til nágrannalandanna að minnsta kosti tveimur mánuðum fyrir áætlaðan stofndag. Það er því hagur nýja klúbbsins að óska eftir stofnfundi nokkru fyrr en þessa lögboðnu fjóra mánuði.

11.11.2008

GJ/HH